



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1089
komudagur 17.3.2005

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elinar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 15. mars 2005
2005030118/91/SG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þunglyndi meðal eldri borgara

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur mikil umræða verið um geðraskanir og ekki síst þunglyndi hér á landi undanfarin misseri og ár. Er það vel. Vissulega er ætíð ástæða til að gera betur. Rök má færa fyrir því að þunglyndi eldri borgara hafi ekki notið þeirrar umræðu og athygli sem vandamálið verðskuldar. Því er mjög áhugavert, bæði séð frá vísindalegu sjónarmiði en einkum m.t.t. forvarna og meðferðar, að kanna betur umfang vandans meðal eldri borgara á Íslandi. Miklu máli skiptir því, að álykti Alþingi um þetta mál, að lagður sé fjárhagslegur grundvöllur til að framkvæma þá rannsókn sem þingsályktunartillagan fjallar um.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir